

Sþ.

966. Nefndarálit

um till. til þál. um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillagan var til umræðu á einum fundi, og gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hlutinn (PB, SkG, BK, PO, StgrA og GÍG) vildi mæla með samþykkt tillögunnar og skilar því meirihlutaáliti. HelgJ og SK tóku ekki þátt í atkvæðagr. Minni hlutinn (GJ) lítur svo á, að verðhækkan á löndum vegna aðgerða hins opinbera verði ekki stlöðvuð með því einu að kaupa löndin, með því að reynslan hefur sýnt, að leiga eða erfðafesta á slikum löndum er margoft framseld með stórkostlegu álagi og oft með verði, sem er langt fyrir ofan fasteignamat landsins. Minni hlutinn leggur því til, að þáttill. verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti undirbúa fyrir næsta Alþingi frv. til laga um verðhækkanargjald af löndum, sem hækka í verði fyrir beinar framkvæmdir, sem gerðar eru fyrir ríkisfé, þar sem ríkissjóði sé tryggður hæfilegur hluti af verðhækkaninni upp í þann kostnað, sem lagður hefur verið fram til framkvæmdanna, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1946.

Gísli Jónsson,
form.